



Viðauki A - Samningsreglur MEPS

Efnisyfirlit

1	Tilgangur	2
2	Almennar leiðbeiningar um samninga.....	2
3	Samningsbreytur	2
3.1	Útreikningur vegalengda.....	2
3.2	Upphafsstærðir.....	2
3.3	Starfsgreinar	3
3.3.1	Vinumagn (mWu).....	3
3.3.2	Tímagjald (h).....	4
3.3.3	Greiðslur fyrir ökutæki (pTu).....	4
3.3.4	Efnisflutningar (tWu)	4
3.3.5	UE-umsýslugjald.....	4
3.3.6	MEPS-efnisverðlisti	4
3.4	Uppgjör í reiðufé (aðeins notað um váttryggingaverkefni)	4
3.5	Umsamdir efnisverðlistar	4
3.6	Flutningur MEPS-kóða á aðra grein	5
3.7	Hlutverk.....	5
3.7.1	Skoðun.....	5
3.7.2	Umsjónaraðili (aðeins notað við úthlutun váttryggingaverkefna).....	5
3.7.3	Aðalverktaki	5
3.8	Umsamdir kóðar	5



1 Tilgangur

Samningsreglur MEPS eru hluti af reglum og leiðbeiningum MEPS. Tilgangur Samningsreglna MEPS er að skýra hvernig MEPS-gögn (kóðar, algrím, efni o.s.frv.) skuli túlkuð þegar samningar eru gerðir í MEPS til þess að tryggja að hvorugum aðila sé mismunað. MEPS-gögn eru hönnuð til að tryggja í heild sinni að niðurstöður útreikninga í MEPS verkefni séu í samræmi við þær athuganir sem framkvæmdar voru.

2 Almennar leiðbeiningar um samninga

Samningur í MEPS er samningur á milli kaupanda og seljanda um verðlagningu á ROT og viðgerðaverkefnum í fasteignum.

Samningurinn skal taka mið af þeirri samsetningu verkefna og þeim stöðum þar sem gert er ráð fyrir að verkefnin verði framkvæmd með hliðsjón af kostnaðarbreytum og umsömdum kóðum. Lýsing á samsetningu verkefna og þeirra staða þar sem gert er ráð fyrir að verkefnin fari fram ætti að vera með í samningnum.

ATH: CAB Group mun rannsaka að hvaða marki óbeinn vinnuútreikningur samsvarar raunverulegum og eðlilegum aðstæðum. Niðurstöður úr þessu geta haft áhrif á bæði MEPS-reglur og leiðbeiningar sem og MEPS-gögn og útreikninga. Vinsamlegast athugið að séu skilyrði í verkefninu sem ekki er hægt að telja eðlileg skal nota umsaminn kóða.

Samningsaðilar bera ábyrgð á að endurskoða samning áður en samþykkt er til að tryggja að samningurinn sé gerður í samræmi við þetta skjal.

Samningarnir skulu endurskoðaðir og, ef nauðsyn krefur, uppfærðir árlega. Breytingar á MEPS-gögnum eða upplýsingar frá MEPS varðandi breytingar á efnislegum aðstæðum sem hafa áhrif á markað þýða að efni samnings verður endurskoðað á samningstímanum. Verulegar breytingar á aðstæðum eru t.d. breytingar á lögum og reglugerðum sem hafa áhrif á notkun úrræða í MEPS-verkefnum en þar sem MEPS-gögn og útreikningar taka ekki tillit til þessa.

3 Samningsbreytur

3.1 Útreikningur vegalengda

Við útreikning vegalengda skal nota MEPS-útreikning vegalengda. Útreikningur MEPS-vegalengda reiknar fjarlægð til viðfangs sem stystu akstursleið á milli aðseturs viðfangs og næsta umsamda upphafsstaðar.

Vegalengdir vegna undirverktaka þarf að skrá handvirkt þar sem MEPS styður ekki sjálfvirkan útreikning.

Þegar ókeypiss kílómetrafjöldi er notaður í samkomulagi eru pTu-bætur ekki greiddar í verkefni fyrir þá kílómetra.

3.2 Upphafsstaðir

Fyrirtæki getur haft fleiri upphafsstaði til þess að geta stækkað starfssvæði sitt.



Kerfið reiknar út fjarlægð frá næsta upphafsstað til hlutarins.

3.3 Starfsgreinar

Fyrirtæki sem annast verk verður að tilgreina þær starfsgreinar sem þau starfa innan og þær starfsgreinar sem þau bjóða um eigin undirverktaka.

3.3.1 Vinnumagn (mWu)

Í mWu er innifalið: Bein vinna, undirbúningur, uppsetning, frágangur, ferðatími starfsfólks, verkstjórn, staðalverkfæri, slitbúnaður, uppsetning útreiknings og hléa.

Heiti	Lýsing	Dæmi
Bein vinna	Verkið sem lýst er í MEPS-kóðum	Festa og skrúfa gifspötur
Uppsetningartími verkefnis	Aðgerðir sem þarf til að geta skipt á milli verkþátta sem lýst er í MEPS-kóðum í verkefninu.	Undirbúningur efnis og verkfæra fyrir verkþátt
Undirbúningur	Aðgerðir til að undirbúa verkefni á staðnum.	Þekja gólf með hlífðarpappír í rýminu þar sem vinnan við verkið á að fara fram
Frágangur	Aðgerðir við að koma hlutum á sinn stað og grófhreinsun að verkefninu loknu	Grófhreinsun, þekja fjarlægð, verkfæri o.s.frv.
Ferðatími starfsfólks	Sá tími sem það tekur að ferðast á milli upphafsstað og viðfangs	
Verkstjórn	Skipulagning og stjórn vinnu iðnaðarmanna sem tengjast verkþáttum sem lýst er í MEPS-kóðunum.	Útskýra umfang niðurribs fyrir iðnaðarmanni
Staðalverkfæri	Kostnaður við handverkfæri og önnur almenn verkfæri sem krafist er í viðfangi samkvæmt iðnaðarstöðlum og sem ekki eru skilgreind sem leiguvélar (sjá viðauka C)	Skrúfjárn, bít- og geirsagir.
Slitbúnaður	Kostnaður við slitbúnað fyrir staðalverkfæri ásamt venjulegum hlífðarbúnaði í samræmi við iðnaðarstaðal.	Bítaskrúfjárn, sagarblöð, hanskar
Uppsetning útreiknings	Vinnan sem þarf til að annast útreikninga fyrir verkefni sem boðið hefur verið til fyrir þær starfsgreinar sem samþykkar hafa verið.	Bæta við kóðum, leiðrétta kóða, senda til ákvörðunar.
Vinnuhlé	Vinnuhlé samkvæmt kjarasamningum og/eða lögum og þess háttar	Almenn kaffihlé

Bein vinna er reiknuð út frá MEPS-kóðum. MEPS-kóðarnir skulu ná mjög vel yfir verkefni og vinnuálag fyrir þekkta verkþætti í helstu atvinnugreinum MEPS en einnig að ná að einhverju leyti yfir verkefni og vinnuálag fyrir þekkta verkþætti í öðrum verkþáttum í MEPS. Þetta þýðir að MEPS-kóðar ná ekki yfir alla mögulega verkþætti. Því er stundum nauðsynlegt að bæta við samþykktum og/eða eigin kóðum til þess að fá rétt endurgjald fyrir staðlað verkefni. Hins vegar ætti ekki að nota sérsniðna kóða ef til eru samsvarandi MEPS-kóði eða samþykktur kóði. Eigin og samþykktir kóðar búa ekki til staði, ferðir og efnisflutninga.



Óbein vinna (uppsetning, stofnun og ferðir) byggist aðeins á MEPS-kóðum og er reiknuð út fyrir verkefnið í heild sinni.

Ákveða skal mWu-endurgjald miðað við tímagjald og skilvirkni verktaka.

3.3.2 Tímagjald (h)

Tímagjald er notað til að tilgreina tímagreiðslur fyrir eigin og samþykta kóða.

3.3.3 Greiðslur fyrir ökutæki (pTu)

pTu felur í sér: greiðslur fyrir ökutæki til og frá viðfangi verkefnis. Ferðatíma starfsfólks er skipt út fyrir útreikning á óbeinni vinnu (mWu).

Í verkefnum sem ekki er fjallað um í MEPS eru greiðslur fyrir ökutæki yfirleitt reiknaðar sem greiðsla fyrir ekna kílómetra. Í MEPS færðu greiðslu fyrir ákveðinn fjölda ferða. Hver ferð er reiknuð sem ferð fram og til baka milli upphafsstaðar verktaka og viðfangsins. Þetta þýðir að í samningnum verða greiðslur fyrir pTu að koma fram sem umbeðinn fjöldi kílómetra sinnum tveir.

3.3.4 Efnisflutningar (tWu)

tWu kemur í stað efnismeðferðar og flutnings á bæði nýju og niðurrifnu efni. TWu felur einnig í sér meðferð umbúða, tiltekt, hleðslu og affermingu nýs efnis við viðfangið auk samsöfnunar, hleðslu og affermingar niðurrifins efnis. Á einnig við um meðferð véla og búnaðar (leiguvéla) sem fánlegt er sem MEPS-efni.

3.3.5 UE-umsýslugjald

UE-umsýslugjaldið er reiknað á allan kostnað undirverktaka (beina og óbeina vinnu, efni, flutning og annað). UE-umsýslugjaldið er lagt á til að greiða samræmingarvinnu aðalverktaka vegna verkefnis.

3.3.6 MEPS-efnisverðalisti

Tilgangurinn með efnisverðlista MEPS er sá að geta fengið fram sanngjarnt heildarverð við viðgerðarverkefni í MEPS-kerfinu án þess að þurfa að flytja inn eigin efnisverðlista. Efnisverð MEPS á að samsvara leiðbeinandi smásöluverði í sölu til fagmanna í Svíþjóð en ákveðin töf getur verið til staðar í almennri verðlagningu á markaði.

Tilgreina skal afslætti og álagningu á hvern efnisverðflokk fyrir sig á efnisverðlista MEPS.

3.4 Uppgjör í reiðufé (aðeins notað um vátryggingaverkefni)

Nota skal greinina uppgjör í reiðufé til að greiða eigin vinnu tryggingatakans í verkefni. Greiðslan tengist mWu, pTu og tWu. Ef tryggingatakin notar sinn eigin verktaka er greitt í samræmi við verkþátt greinarinnar í samningnum. Sé enginn samningur til staðar fyrir tryggingataka gildir samningurinn um aðalverktakann og verðskrá hans.

3.5 Umsamdir efnisverðlistar

Aðilar verða að nota umsamda verðlista og/eða eigin innflutta efnisverðlista til að fá nákvæmt efnisverð/efnisheiti í verkefni.

Aðilar semja um það sín á milli hvernig og hvenær umsamdir efnisverðlistar eru notaðir.

Hægt er að nota afslætti og álagningu á samþykta efnisverðlista.



3.6 Flutningur MEPS-kóða á aðra grein

Ef kóðar samkvæmt ramma samningsins eru unnir af öðrum en samkvæmt MEPS-gögnum skulu þessir kóðar fluttir yfir til viðkomandi starfsgreinar.

Þetta getur til dæmis auðveldað undirverktökum sem aðeins hafa samið um starfsgrein þannig að kóðar sem venjulega er fylgt hafna sjálfkrafa í viðkomandi grein og komist er hjá óeðlilega miklum uppsetningar- og ferðakostnaði í verkefni.

3.7 Hlutverk

Hlutverk eru notuð til að auðvelda pöntun og virkja það sem hægt er að gera í úthlutuðu verkefni.

3.7.1 Skoðun

Skoðun er notuð til aðstoðar þegar „Skoðunarfyrirtæki“ er pantað fyrir verkefnið. Það hefur ekki áhrif á þær heimildir sem þú hefur í kerfinu. Þetta þýðir að eftirlitshlutverkið er ekki nauðsynlegt svo verktaki geti annast eftirlit.

3.7.2 Umsjónaraðili (aðeins notað við úthlutun váttryggingaverkefna)

Umsjónaraðili er nýttur til að geta komið fram sem fulltrúi tryggingafélags í verkefni. Hlutverkið býr yfir tilteknum heimildum sem verktakinn hefur yfirleitt ekki.

3.7.3 Aðalverktaki

Aðalverktakinn er nýttur til að annast undirverktaka og gæti fengið UE-umsýslugjald. Það getur aðeins verið einn aðalverktaki í hverju verkefni.

3.8 Umsamdir kóðar

Nota skal umsamda kóða um endurteknað aðgerðir sem ekki falla undir MEPS-kóða eða þegar skilyrðin geta ekki talist eðlileg samkvæmt reglum MEPS um verkefni. Hver umsaminn kóði skal innihalda heiti, skilgreiningu, einingu og verð.

Dæmi um samþykka kóða sem falla ekki undir MEPS-gögn:

- Urðunarkostnaður
- Viðbótartrygging
- Hefðbundnir fundir með viðskiptavinum, svo sem upphafsfundur
- Skoðun
- Rakaeyðing
- Tjónahreingerning
- Önnur umsamin gjöld og efni
- Samsvarandi eigin kóðar sem finna má í MEPS (t.d. lokaprif, aukaferðir, biðtími eftir viðskiptavini)

Dæmi um samningsbundna kóða sem ekki geta talist eðlilegir samkvæmt reglum MEPS um verkefni:

- Frávik í ferðum
- Frávik í skipulagningu
- Frávik við uppsetningu
- Frávik í erfiðleikastigi